

# Drulla

Drulla. Endalaus, helvítis drulla. Hún hafði komið í lok ágústmánaðar og hafði ákveðið að halda kyrru fyrir, bara til þess að gera okkur lífið leitt. Hún smaug inn allsstaðar og þakti allt og alla. Varla var blettur í gröfinni þar sem ekki var drulla. Meira að segja rúmin voru þakin drullu. Hvert sem litið var, blasti hún við manni, líkt og rotturnar, sem einnig mátti finna í hverjum kima grafarinnar. Rottunum virtist þó vera slétt sama um drulluna. Svo lengi sem þær höfðu að éta, var þeim sama. Svo virtist sem rotturnar fengju meira að éta en við. Við borðuðum ekki mannakjöt. Við vildum ekki leggjast svo lágt. Þannig að hér sátum við og biðum. Eftir hverju vorum við svosem að bíða? Það var ekki eins og þessu myndi ljúka í dag, á morgun, eða næsta helvítis mánuðinn. Mennirnir voru farnir að ókyrrast og margir hverjir vildu bara ljúka þessu; hlaupa yfir og ljúka þessu. En ég gat ekki leyft þeim það. Ekki enn. Við þurftum að bíða eftir rétta augnablikinu. Augnabliki sem virtist aldrei ætla að koma.

Mér varð litið yfir á Percy, þar sem hann sat úti í horni og reykti vindil. Percy var hávaxinn, með svört, þykk gleraugu og vöðvarnir á líkama hans voru ekki í samræmi við hæð hans. Hann var skjálfhentur og sönglaði í lágu hljóði. Fyrir framan hann var rotta. Hún var að gæða sér á maðkétnu brauði sem enginn af strákunum hafði viljað borða. Henni var slétt sama. Hún át. Percy sveiflaði fætinum til hennar og hún þaut í burtu. „Helvítis rottur“, sagði hann og tók djúpan teyg af vindlinum.

„Já, ég er búinn að fá nóg af þessu. Ég vil fara heim“, kvað við fyrir aftan mig. Þetta var Henry. „Við viljum allir fara heim. Það þýðir ekkert að væla yfir því“, ansaði ég og sneri mér við aftur. „Hvað kemur þetta stríð mér við?“, sagði Henry, hærra en áður fyrr. „Er það ég sem mun lifa í vellystingum þegar þetta er yfirstaðið?“, hélt hann áfram. „Okkur ber skilda til að verja land og þjóð. Ef ekki við, hverjir þá?“, svaraði ég. Henry hristi hausinn. „Hvað með konunginn, ha? Hvernig væri að hann myndi koma og taka nokkur æfingaskot?“, hvæsti hann. Ég svaraði ekki, heldur dró andann djúpt og krosslagði hendur.

Skyndilega heyrðist hávær hvellur. Ég hrökk við og greip riffilinn minn. Eftir nokkrar sekúndur skullu nokkrir regndropar á nefið á mér. Ég leit upp og sá að byrjað var að rigna. „Guði sé lof“, andvarpaði ég og lagði Lee frá mér.

Mér varð litið á skýlið með matarbirgðunum. James stóð þar inni og spennti upp regnhlíf. Við höfðum ekkert til að skýla okkur frá rigningunni. Skýlið var fullt og ekki var pláss fyrir fleiri. Í fjarska heyrðum við skothvellina frá Frökkunum. Hvað höfðum við gert til að verðskulda þetta? Ég sá ekki betur en að Guð væri að leika sér að okkur.

Allt í einu heyrðist í útvarpsSENDINUM. Þetta voru skilaboð frá stjórnstöð. Ég svaraði. Það var komið að því. Ég gekk í miðju skotgrafarinnar og sagði hárra röddu: „Jæja drengir, nú er komið að því. Fyrir land og þjóð!“ Ég greip Lee, blés í flautuna og við hlupum yfir. Ægileg skothríð mætti okkur um leið og við klifruðum upp úr skotgröfinni. Jarðsprengja tætti ungan dreng í sundur og byssukúla hæfði annan beint í andlitið, en við hættum ekki. Þetta var stundin. Ég tók handsprengju og kastaði henni í átt að gröfinni. Öskur heyrðist, svo hvellur og síðan enn meiri

öskur. Við vorum alveg að komast yfir. Óttin skein úr andliti óvinanna eftir því sem við færðumst nær og nær. Öskrin úr okkur yfirgnæfðu nánast hvellina. Ég setti hausinn niður og þrykkti byssustingnum beint í bringuna á strák sem var að skjóta á okkur. Við vorum komnir. Líkið féll ofan í drullupollinn. Ég leit til hliðar og sá Percy í blóðugum slagsmálum við Þjóðverja. Hann greip stein og barði honum af öllu afli í höfuð Þjóðverjans. Hann hætti að slá til baka, stóð kyrr í sekúndu og féll svo niður dauður. Enginn var annars bróðir í þessum leik. James hafði varla endað við að stinga strák í bakið þegar skothvellur heyrðist og James féll til jarðar. Hann lá þar og kipptist til og engdist af kvölum. Fljótlega hætti hann að hreyfast og varð hljóður. Skyndilega varð allt svart.

Þegar ég rankaði við mér var verið að lyfta mér upp á sjúkrabekk. Mér varð litið niður og það sem ég sá situr enn eftir í sál minni. Strákar, margir hverjir ekki eldri en tvítugt, lágu eins og hráviði um allt. Líkamshlutar og blóð fylltu skotgröfina og Percy sat úti í horni og grét og kallaði á mömmu sína, haldandi um höfuðið á Henry. Alls staðar sem litið var blasti hryllingurinn við. Sama hvað ég hafði gert í lífinu, þurfti ég ekki að hafa áhyggjur af því að fara til helvítis. Ég var nú þegar kominn.